

Ísafirði 2. maí 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni Umsögn um frv. til laga um fjarskipti, 738.mál.

Skv. beiðni nefndasviðs sendist hér með eftirfarandi umsögn. Beiðnin misfórst reyndar þannig að ég fékk hana ekki í hendur fyrir en síðdegis í dag. Þar sem mér er kunnugt um að fjallað verður um þetta tiltekna mál í fyrramálið óska ég eftir að þessi umsögn berist nefndinni sem allra fyrst þannig að hægt sé að taka hana fyrir.

Ég er þróunarstjóri hjá netfyrirtækinu Snerpu og hef starfað við netþjónustu í yfir 10 ár. Vegna þeirrar reynslu sem ég hef áunnið mér og stöðu minnar í stjórn INTER, sem eru samtök netveitna vil ég undirstrika að ég tel mig mæla fyrir netþjónustur almennt í þessu máli.

Frumvarpið gengur almennt allt of langt hvað varðar skráningu upplýsinga um umferð netnotenda og hlýtur örugglega að stangast á við bæði meðalhófsreglu og friðhelgi einkalífsins. Fallist skal á að núverandi fjarskiptalög gangi of stutt í þessum efnum en almennt er þetta frumvarp tilþess fallið að upplýsingasöfnun um þegnana verður í gríðarlegu magni, svo miklu að netþjónustur munu þurfa að leggja út í umtalsverðar fjárfestingar til að fullnægja ákvæðum þess, svo miklum að ég get fullyrt að það verður ofar fjárhagslegri getu þeirra sem við þetta starfa, nema etv. stóru simafélaganna tveggja. Mér er ekki kunnugt um svona umfangsmikla skráningarskyldu í neinu Evrópulandi og reyndar þó víðar væri leitað.

Einnig vil ég nefna áður en ég fjalla um einstakar greinar að **ég tel skráningu upplýsinga skv. 7. gr. frumvarpsins jafngilda því að virkt eftirlit sé með netnotkun almennings**. Slíkt yrði í andstöðu við skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist t.d. hvað varðar EES-samstarfið. Þegar litið er t.d. á tilskipun Evrópusambandsins 2000/31/EC um þetta efni kom í ljós að ákvæði 12.-15. greinar tilskipunarinnar sem hindrar að eftirlitsskylda verði lögð á netþjónustuaðila vegna efnis sem fer um net þeirra hefur ekki verið tekin upp í íslensk lög. Þar sem ákvæðin geta haft talsverð áhrif á rekstrarkostnað og ábyrgð netþjónustuaðila má hugsanlega líta svo á að tilskipunin hafi ekki verið leidd í lög með fullnægjandi hætti þó engu verði slegið föstu að svo komnu máli. Ákvæðin er svohljóðandi (ekki til þýdd á íslensku):

Tilskipunin er í heild á vefsetri EB:

http://europa.eu.int/comm/internal_market/en/ecommerce/#dir200031

Article 12

"Mere conduit"

1. Where an information society service is provided that consists of the transmission in a communication network of information provided by a recipient of the service, or the provision of access to a communication network, Member States shall ensure that the service provider is not liable for the information transmitted, on condition that the provider:

- (a) does not initiate the transmission;
 - (b) does not select the receiver of the transmission; and
 - (c) does not select or modify the information contained in the transmission.
2. **The acts of transmission and of provision of access referred to in paragraph 1 include the automatic, intermediate and transient storage of the information transmitted** in so far as this takes place for the sole purpose of carrying out the transmission in the communication network, **and provided that the information is not stored for any period longer than is reasonably necessary for the transmission.**
3. This Article shall not affect the possibility for a court or administrative authority, in accordance with Member States' legal systems, of requiring the service provider to terminate or prevent an infringement.

Article 13 "Caching"

1. Where an information society service is provided that consists of the transmission in a communication network of information provided by a recipient of the service, Member States shall ensure that the service provider is not liable for the automatic, intermediate and temporary storage of that information, performed for the sole purpose of making more efficient the information's onward transmission to other recipients of the service upon their request, on condition that:
- (a) the provider does not modify the information;
 - (b) the provider complies with conditions on access to the information;
 - (c) the provider complies with rules regarding the updating of the information, specified in a manner widely recognised and used by industry;
 - (d) the provider does not interfere with the lawful use of technology, widely recognised and used by industry, to obtain data on the use of the information; and
 - (e) the provider acts expeditiously to remove or to disable access to the information it has stored upon obtaining actual knowledge of the fact that the information at the initial source of the transmission has been removed from the network, or access to it has been disabled, or that a court or an administrative authority has ordered such removal or disablement.
2. This Article shall not affect the possibility for a court or administrative authority, in accordance with Member States' legal systems, of requiring the service provider to terminate or prevent an infringement.

Article 14 Hosting

1. Where an information society service is provided that consists of the storage of information provided by a recipient of the service, Member States shall ensure that the service provider is not liable for the information stored at the request of a recipient of the service, on condition that:
- (a) the provider does not have actual knowledge of illegal activity or information and, as regards claims for damages, is not aware of facts or circumstances from which the illegal activity or information is apparent; or
 - (b) the provider, upon obtaining such knowledge or awareness, acts expeditiously to remove or to disable access to the information.
2. Paragraph 1 shall not apply when the recipient of the service is acting under the authority or the control of the provider.
3. This Article shall not affect the possibility for a court or administrative authority, in accordance with Member States' legal systems, of requiring the service provider to terminate or prevent an infringement, nor does it affect the possibility for Member States of establishing procedures governing the removal or disabling of access to information.

Article 15 No general obligation to monitor

1. **Member States shall not impose a general obligation on providers, when providing the services covered by Articles 12, 13 and 14, to monitor the information which they transmit or store, nor a general obligation actively to seek facts or circumstances indicating illegal activity.**
2. Member States may establish obligations for information society service providers promptly to inform the competent public authorities of alleged illegal activities undertaken or information provided by recipients of their service or obligations to communicate to the competent authorities, at their request, information enabling the identification of recipients of their service with whom they have storage agreements.

Ég tel að breyting á fjarskiptalögum hvað varðar skyldu til að skrá umferð netnotenda gangi gegn sérstaklega 12. og 15. greinum þessarar tilskipunar. Eins og frumvarpið er lagt fram jafngildir svo umfangsmikil skráning því að um virkt eftirlit sé að ræða, þ.e. **á kerfisbundinn hátt verði hægt að leita að hugsanlegum lögrjótum með því að hafa aðgang að skráningunum.**

Hugleiðingar um einstakar greinar frumvarpsins:

Um 2. gr: Þegar um er að ræða rannsókn í þágu opinberra mála og af henni hlýst kostnaður vegna vinnslu upplýsinga.

- Er þá eðlilegt að sá kostnaður falli á fjarskiptafyrirtæki sem grunaður skiptir við? Eða á hið opinbera að greiða hann eins og gert hefur verið hingað til?
- Kæmi til greina að slíkt teldist málskostnaður og væri þá dæmt um greiðslu hans við úrlausn málsins og hvernig félli kostnaður ef mál væri felld niður áður en saksókn hefst?

Um 6. gr: Ákvæðið virðist sanngjarnt. Þó er etv. ástæða til að skerpa á því að um sérstakan hugbúnað er að ræða og notandi þarf að fletta því upp sérstaklega en á að geta gert það um leið og notkun fer fram. Etv. er nauðsynlegt að setja frumvarpið orðskýringu vegna orðsins niðurhal sem er nýyrði og merkir gagnamagn sem notandi flytur til sín (en ekki frá sér). **Ekki er til neinn hugbúnaður sem sýnir á sjálfvirkan hátt í rauntíma hjá netveitu hvort notandi er að sækja efni erlendis frá eða ekki. Notandinn verður að fletta upp nafni eða IP-tölu til að sjá hvort er.**

Um 7. gr: Skilgreining á lágmarksskráningu er of víðtæk. Ef viðhafa ætti þá lágmarksskráningu sem lýst er í greininni yrði til gríðarlegt magn gagna. Tilurð þeirra myndi fylgja verulega aukið álag á þann vélbúnað og hugbúnað sem notaður er til öflunar þeirra, jafnvel svo mikils að það gæti haft áhrif á gæði þjónustunnar. T.d. er ekki venjan í dag að skrá neina umferð sem fer frá viðskiptavinum þar sem ekki er innheimt eftir gagnamagni frá notendum, einungis í hina áttina, þ.e. til þeirra og skráning á þeim upplýsingum myndi brjóta í bága við þau ákvæði persónuverndarlaga sem kveða á um að einungis megi skrá gögn sem notuð eru til stuðnings reikningagerð. Kostnaðurinn við vélbúnað sem gæti annast slíka skráningu yrði einungis á færi stórfyrirtæka að reiða af hendi. **Óbreytt ákvæði frumvarpsins þýðir því að smærri netþjónustur munu leggjast af þar sem þau hefur ekki bolmagn til að fullnægja skráningarskyldunni.**

Orðalagið “Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja vörslu framangreindra gagna og er óheimilt að nota” í 7. gr. þrengir verulega rétt fjarskiptafyrirtækis til að nota gögn til reikningagerðar, reyndar bannar það notkun gagnanna í öðrum tilgangi en fyrir lögreglu.

Annað dæmi er að það er ekki mögulegt í dag fyrir t.d. Internetveitu að sjá frá hvaða símanúmeri ADSL- eða ISDN+ notandi tengist. Þegar þarf að finna þessar upplýsingar, t.d. vegna bilanagreiningar þá er það mjög tafsöm vinna sem ekki verður séð að sé hægt að framkvæma á sjálfvirkan hátt, nema þá ef rekstraraðili ADSL-netsins (Síminn, Og-fjarskipti, IP-fjarskipti) telji sig geta komið þessum upplýsingum til netveitu með auðkenningarbeiðni sem verður til í kerfinu þegar notandi kveikir á sambandi sínu sem reyndar er ólíklegt, a.m.k. í tilfelli IP-fjarskipta.

Sömuleiðis þegar um er að ræða innhringitengingar, fá netveitur ekki upplýsingar úr númerabirtingu símafyrirtækis ef símnotandi hefur skráð símanúmerið með númeraleynd eða notar einskiptis númeraleynd. Úr þessu er reyndar hægt að bæta með því að gefa um það lagafyrirmæli að númerabirting skuli ávallt vera virk (númeraleynd skuli ekki vera virk) þegar hringt er í innhringinúmer netveitu. Númerabirting frá símfyrirtækjum er veitt gegn aukagjaldi

Þegar um er að ræða önur innhringingnúmer en ISDN-númer er nauðsynlegt er að taka fram að gjaldtaka fyrir númerabirtingu skuli ekki eiga við í þessum tilfellum.

Til nánari skýringar á hvað almennt er skráð hjá netveitum í dag og hefur hlotið umsögn Persónuverndar og Póst- og fjarskiptastofnunar vil ég vísa á þær verklagsreglur sem unnið er eftir í dag, þ.e. þeirra liða sem fjalla um hvað er skráð og hvað ekki.

<http://www.snerpa.is/notendur/annalar/> (sjá fylgiskjal) Vakin er athygli á að upplýsingum um niðurhal er jafnan safnað saman þannig í dag að skráð er heildarumferð á milli tveggja IP-talna innan hvers dags en ef ætti að tímastimpla slíkar skráningar yrði til gríðarlegt magn gagna sem krefðist jafnframt mun öflugari búnaðs, reiknigetu og gagnapláss en notað er í dag. Ekki er skráð efni gagnasendinga, slíkt krefðist í raun afritunar á allri umferð og er hvergi gert nema í mjög takmarkaðan tíma í senn við bilanagreiningu og er þá jafnan um mjög lítið gagnamagn að ræða.

Ekki er hægt að skrá hvort notandi hefur frumkvæði að tengingu eða ekki, nema við sömu aðstæður og áður er greint, þ.e. í bilanagreiningartilfellum í skamman tíma í senn enda verður þá til gríðarlegt magn upplýsinga, reyndar umtalsvert meira gagnamagn en notandinn raunverulega flytur, þegar atriðum eins og tímaskráningu, raðnúmerum gagnapakka, tékksummur o.s.frv. hefur verið bætt við.

Um 9. gr. Það getur talist ásættanlegt að veita “lágmarks” upplýsingar vegna einstakra mála, en þetta orðlag er of opið og spurning er hversu víðtæk heimildin á að vera? Getur lögregla t.d. beðið um upplýsingar um allar úthlutaðar IP-tölur í eina tiltekna viku? - eða mánuð? Lagt er til að heimildin sé afmörkuð við að lögregla gefi yfirlýsingu um að tiltekið mál sæti opinberri rannsókn og hverjir hafi réttarstöðu grunaðra. Starfsmenn netveitu verði svo bundir þagnarskyldu um rannsóknina í tilgreindan hámarkstíma telji lögreglan það nauðsynlegt. Hver ber kostnaðinn ef vinna netveitu er umtalsverð í umfangsmiklum málum? Er það málskostnaður? - sjá ofar um sama atriði.

Ályktun: Sé vilji löggjafans t.d. að auðvelda rannsóknir mála hjá lögreglu með vísan til t.d. nýlegrar höfnunar hæstaréttis á aðgangi lögreglu um hver sé notandi tiltekinnar IP-tölu er 9. greinin svar við því. Hinsvegar gengur 7. greinin allt of langt bæði í skráningarskyldu og einnig gagnvart réttindum um friðhelgi einkalífsins almennt og einnig eins og áður segir – gagnvart þeim skuldbindingum sem Íslendingar hafa undirgengist í Evrópurétti.

f.h. Snerpu ehf.



- Björn Davíðsson -

Fylgiskjal: `reglur-annalar.html`

Reglur sem Snerpa hefur sett sér um notkun upplýsinga sem verða til við rekstur netþjónustunnar.

Annálar: Skrár sem skráð eru í öll atvik í netþjónustu um notkun hugbúnaðar, tengingar, auðkenningar og netsambönd.

Tilgangur reglna þessara er meðal annars að gera notendum grein fyrir því hvaða upplýsingar eru skráðar um notkun þeirra á netþjónustunni, meðhöndlun þeirra og eyðingu. Þær skráningar sem lýst er hér að neðan teljast lágmarksskráningar í ábyrgri starfsemi netþjónustu. Vakin er athygli á að það er ekki í valdi þeirrar netþjónustu sem notandinn tengist, að tryggja að aðrar netþjónustur sem tengst er, geti ekki skráð notkun viðkomandi þegar umferð frá notandanum fer um net þeirra. Slík notkun er þó jafnan ekki persónugreinanleg.

Með því að nota netþjónustuna telst notandinn samþykkur þeim skráningum og meðferð þeirra sem að neðan er greint. Starfsmenn netþjónustunnar eru bundnir þagnarskyldu skv. fjarskiptalögum og lögum um persónuvernd.

Alit Persónuverndar og Póst- og fjarskiptastofnunar um drög að þessum reglum.

Skráðar eru eftirfarandi upplýsingar um notkun búnaðar í netþjónustunni:

Hver liður er skráður í stakan annál og eru annálaskrár aldrei samkeyrðar á sjálfvirkan hátt.

Ef sérstök ástæða er til eru einstakar færslur bornar saman á handvirkan hátt t.d. til að finna villur, upplýsingar um glataðan póst eða galla í samskiptum eða til að fullnægja dómsúrskurði um afhendingu upplýsinga.

Annálar um tengitíma og flutt gagnamagn eru unnir til reikningagerðar án þess að gögn úr öðrum annálum séu notuð, en eru samkeyrðir með upplýsingum um heimilisföng, greiðsluupplýsingar o.þ.h. til útprentunar.

○ **Póstsendingar.**

Skráðar eru innkomandi og útfarandi póstsendingar. Skráð er tímasetning, netfang og IP-tala sendanda, netfang móttakanda og IP-tala móttökupósthúss og afdrif sendingar. Efnislínur eða efni pósts eru ekki skráð. Póstannáll er geymdur í allt að 3 mánuði.

○ **Proxynotkun.**

Skráð er notkun á proxyþjón. Skráð er tímasetning og IP-tala notanda. Skráð er hvaða forskrift (protocol HTTP/HTTPS/FTP o.s.frv.) og aðferð (HEAD/GET/POST) er notuð og vefslóð. Ef um HTTPS (dulkóðuð samskipti) er að ræða er eingöngu skráð vélarnafn en ekki vefslóð. Skráð er hvort aðgerð tókst eða ekki og ef aðgerð tókst ekki, er skráð ástæða (villukóði). Ekki er skráð hvaða notandanafn framkvæmdi viðkomandi aðgerð en með samanburði IP-tölu við tengingaannál er hægt að rekja slíkt handvirkt. Proxyannáll er geymdur í 1-4 vikur. Úr proxyskrá eru unnar ýmsar greiningarupplýsingar fyrir innanhússnot en áður en það er gert eru fjarlægðar allar tilvísanir til einstakra notenda, þ.e. IP-tölur og tímasetningar og skráin unnin sem ein heild fyrir það tímabil sem hún nær yfir.

○ **Tengingar (auðkenningar) og aftengingar**

Skráð er þegar notandi tengist í gegn um upphringimótald, um ISDN-rás eða ADSL-rás. Skráð er tími, hvaða notandanafn var notað, frá hvaða símanúmeri var tengst þar sem þær upplýsingar liggja fyrir og hvort rétt lykilorð var uppgefið. Sé rétt lykilorð uppgefið er einnig skráð hvaða IP-númeri viðkomandi var úthlutað og einnig er skráð teljarastaða á umferð (bitcount) til viðkomandi notanda. Tengingaannáll er geymdur í allt að ár.

○ **Samskipti við vefþjóna**

Skráð eru öll samskipti við vefþjóna sem hýstir eru hjá netþjónustunni. Tilgangurinn er annars vegar vinnsla staðtöluupplýsinga og hinsvegar villuprófun og bilanaleit. Tímar og upprunastaðir (IP-tölur) eru skráðar. Upprunastaðir eru jafnan proxyþjónar hjá öðrum netfyrirtækjum.

○ Samskipti á spjallrásum

Engin samskipti með spjallforritum (IRC, messenger, chat) eru skráð í annála.

○ Misnotkun

Skráður er á sjálfvirkan hátt uppruni og tími tenginga sem ætla má að séu gerðar í þeim tilgangi að kanna og reyna varnir gegn tölvuinnbrotum. Einnig eru framkvæmdar á sjálfvirkan hátt fyrirspurnir um önnur sambönd eða aðgerðir frá upprunastað þar sem það er hægt. Dæmi um slíka misnotkun eru fyrirspurnir á röð IP-talna (skönnun), fyrirspurnir sem eru greinilega ætlaðar til að kanna hvaða tölur eru í sambandi, hvaða þjónustur séu opnar á viðkomandi tölum og athuganir um hvort tölur sem starfa á þeim tölum séu viðkvæmar fyrir göllum í stýrikerfi þeirra. Bendi slíkar skráningar til þess að verið sé að gera tilraun til tölvuinnbrots, lætur skráningarkerfið starfsmann vita um leið og í sumum tilfellum hindrar það frekari samskipti við upprunastað. Í þeim tilfellum sem ótvíræðar upplýsingar um tilraun til misnotkunar liggja fyrir, er að málið er kært til viðkomandi yfirvalda.

Misnotkunarannáll er geymdur mislengi aftir ástæðum.

Eftirfarandi reglur gilda um aðgang að upplýsingum úr annálum

1. Móttakandi póst (skráður notandi netfangsins) getur fengið aðgang að upplýsingum úr annálum, er varða hans eigið netfang, t.d. frá hvaða netfangi* póstur barst á tilteknum tíma, afgreiðslunúmer póst og IP-tölu pósthúss sem póstur barst frá auk nákvæmrar tímasetningar. Hafi Snerpa yfir að ráða upplýsingum um frá hvaða notandanafni pósturinn var sendur eru þær ekki afhentar en móttakanda gerð grein fyrir að upplýsingarnar séu fyrir hendi. Upplýsingar um notandanafn liggja ótvírætt fyrir ef eigandi viðkomandi notandanafns er tengdur hjá netþjónustu Snerpu.
**Upplýsingar um netfang sendanda geta verið óáreiðanlegar þar sem sendandi gæti hafa falsað upplýsingarnar.*
2. Sendandi tölvupóst (skráður notandi netfangsins eða kerfisstjóri þess netpósthúss sem afhenti sendinguna) getur fengið aðgang að upplýsingum úr póstannál, þ.e. hvað varð um sendinguna, hvaða pósthús tók við henni, og afgreiðslunúmer sendingarinnar auk kvittunar frá móttökupósthúsi eða villukóða ef móttöku var hafnað. Tölvupósturinn sjálfur er ekki afhentur.
3. Notendur sem ekki tengjast netþjónustu Snerpu og/eða fulltrúar þeirra geta ekki fengið neinar upplýsingar úr annálum en að beiðni þeirra (sjá lið 6) er hægt að taka frá (en ekki afhenda) nánar tilteknar upplýsingar um skemmri tíma (einn mánuð) og er þá gjaldfært fyrir slíka leit að skráningum.
4. Notendur sem eiga vefþjóna í rekstri hjá Snerpu geta óskað eftir upplýsingum úr annál viðkomandi vefþjóns og er gjaldfært fyrir slíka vinnu. Einnig er þeim veittur aðgangur að staðtölum um notkun ef þeir óska eftir slíku og eru þeir þá ábyrgir fyrir birtingu þeirra.
5. Notendur geta ekki fengið upplýsingar um aðra notkun en fram kemur að ofan.
6. Biðji notandi um upplýsingar sem ekki fást afhentar skal honum gerð grein fyrir því að til að fá þær frátekna þarf að vera í gangi lögreglurannsókn vegna viðkomandi máls. Kæra til lögreglu er því forsenda þess að gögn séu tekin frá. Ef beiðni berst frá lögreglu um hvort fleiri aðilar gætu haft gögn undir höndum er varða viðkomandi mál er það kannað og þá á það bent. Jafnframt er þá viðkomandi aðila gerð grein fyrir því um hvaða upplýsingar gæti verið að ræða. Lögreglu eru ekki afhentar upplýsingar er vísa til endanlegs notanda, eða eru persónugreinanlegar, nema um það liggi fyrir dómsúrskurður.
7. Einungis þeir starfsmenn sem sjá um viðhald búnaðar (kerfisstjórar) hafa aðgang að annálum og er þeim ekki heimilt að greina neinum (þ.m.t. öðrum starfsmönnum netþjónustunnar) frá neinu er varðar efni annála nema um sé að ræða bilanagreiningu og þá einungis um viðeigandi tilfalli.
8. Um öryggisafrit af ofangreindum skráningum gilda að öllu leyti sömu reglur og að ofan er lýst.